

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1153

1. Almennt

Matorka ehf., kt. 500412-0540, Hlíðarsmára 6, 201 Kópavogi, hefur rekstrarleyfi (FE-1108) vegna landeldis á 1.600 tonnum af laxi, bleikju, regnbogasilungi og borra, bæði til seiðaeldis og matfiskeldis, að Húsatóftum svæði i5 í Grindavík. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 6.000 tonn af laxi, bleikju og regnbogasilungi þann 8. mars 2019.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 21. ágúst til 18. september 2020 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Matorka lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 23. júlí 2018 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 5. febrúar 2019. Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, staðsetningu kerja og hönnun kerja. Þar sem um er að ræða stækkun á núverandi stöð og fram fór ítarleg greining á staðsetningarmöguleikum þegar hún var byggð var niðurstaðan sú að staðsetningin væri ákjósanleg fyrir fiskeldi. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur gögnin lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2. Jarðmyndanir

Fiskeldisstöð Matorku er staðsett á nútímahrauni, Eldvarpahrauni, en sú hraungerð nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt náttúruverndarlögum beri að forðast allt rask slíkra hraunsvæða nema til komi brýn nauðsyn. Þá leggur Skipulagsstofnun áherslu á að framkvæmdarsvæðið verði skilgreint þröngt og þannig staðið að verki að allt rask verði í lágmarki utan framkvæmdarsvæðis.

Matvælastofnun bendir á að framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins og fékk skipulagið lögbundna málsmeðferð þegar það var unnið og samþykkt. Fyrirhuguð stækkun í 6.000 tonna hámarkslífmassa mun þekja um samtals 65.000 m² svæði en búið er að raska tæplega helmingss þess svæðis vegna framkvæmdar fyrir 3.000 tonna lífmassa sem er nú þegar er starfrækt. Þá er framkvæmdaaðila skylt að afla framkvæmdaleyfis eða eftir atvikum byggingarleyfis vegna framkvæmda. Í matsskýrslu kemur fram að hönnun fiskeldisstöðvarinnar verði með því móti að reynt verði að lágmarka rask á jarðmyndunum eins og hægt er.

2.3 Lífríki í fjöru

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að helsti áhrifavaldur á lífríki fjöru vegna framkvæmdar Matorku felist í fyrirkomulagi útrásar frárennslis en valkostir sem fyrirtækið setur fram eru þrír: 1) Útrás efst í fjöru og frárennslis

rennur yfir lífríki fjörunnar á háfjöru. 2) Útrás u.þ.b. 100 m utar í fjörunni og frárennslisop ávalt í brimróti. 3) Útrás undir stórstraumsfjöruborði. Hafa valkostirnir ólík áhrif á lífríki fjörunnar annars vegar vegna frárennslis sem rennur yfir lífríki fjörunnar á háfjöru og hins vegar vegna jarðrasks á fjöruborði. Mat fyrirtækisins er að nýta ætti valkost 1 á framkvæmdartíma og þegar fram í sækir og gögn úr mælingum liggja fyrir ætti að breyta lögninni í valkost 2 ef mæligildi fara yfir viðmiðunarmörk eða sjáanleg mengun komi fram. Á þeim stað sem útrás liggur er sjógangur mikill og vegna brims og strauma er líklegt að þynning og blöndun frá stöðinni verði hröð. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar við matsskýrslu fyrirtækisins er bent á að blöndun verði hraðari ef frárennsli yrði lagt þannig að affallsvatn blandist beint við sjó í stað þess að það renni yfir yfirborðið. Skipulagsstofnun leggur til valkost 3 og bendir á að í starfsleyfi Umhverfisstofnunar sé unnt að setja skilyrði um hreinsun og fyrirkomulag frárennslis sem miði að því að áhrif þess á lífríki fjöru og sjávar verði ekki veruleg. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í álit Skipulagsstofnunar en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

2.4 Fuglar

Mælingar og athuganir á fuglalífi í nágrenni framkvæmdarsvæðis sýna að lítið er um fuglalíf á landi en Skipulagsstofnun bendir á að þeir fuglar sem er að finna á svæðinu munu óhjákvæmilega verða fyrir áhrifum á framkvæmdartíma vegna umfangs og hávaða. Stofnunin telur að áhrif á fugla á framkvæmdartíma verði nokkuð neikvæð, staðbundin og tímabundin. Jafnframt að frárennsli frá fiskeldisstöðinni geti haft áhrif á fæðuöflun fugla í Arfdalsvík á rekstartíma og að áhrifin séu háð óvissu. Skipulagsstofnun bendir á að mismunandi útfærslur á frárennsli muni hafa mismunandi áhrif á fuglalíf í fjöru og hreinsun á frárennsli komi til með að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum. Ef valkostir 2 eða 3 verði valdir muni áhrif næringarefna í frárennsli á fæðu fugla í fjörunni verða talsvert minni en ef frárennsli verður lagt samkvæmt valkosti 1 þar sem frárennslið rennur þá yfir fjöruborðið. Matvælastofnun tekur undir ofangreint sjónarmið en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

2.5 Grunnvatn

Skipulagsstofnun telur að áhrif af framkvæmdinni á grunnvatn á svæðinu séu óviss þar sem ekki liggur fyrir rannsókn ÍSOR (Íslenskar orkurannsóknir) á því vatnsmagni sem nýta á til fyrirhugaðs eldis. Skipulagsstofnun telur að áhrifin verði að öllum líkindum afturkræf en fylgjast þurfi með áhrifum aukinnar vatnstöku með ítarlegri vöktun. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi ákvæði í leyfi um vöktun og viðbrögð ef í ljós komi að heimiluð vatnstaka hafi meiri áhrif á grunnvatnsborð en upphaflega var áætlað.

Matvælastofnun telur að gerð hafi verið nægilega vel grein fyrir áhrifum framkvæmdar á grunnvatn á svæðinu. Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknnum skv. lögum nr. 57/1998. Matvælastofnun telur að áhrifin séu afturkræf og fylgst er með grunnvatni í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

2.6 Landslag, ásýnd og efnistaka

Áhrif framkvæmda á landslag eru óafturkræf og varanleg á þeim svæðum sem fara undir fiskeldisker, plön og vegi. Breyting á ásýnd eftir framkvæmdartíma verður óveruleg þar sem einingarnar verða niðurgrafnar að hluta og verður litaval á byggingum grátt eða brúnt, auk þess sem þau verða ýmist á bak við jarðvegsmön eða náttúrulegan hraunkamb sem dregur úr allri ásýnd. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að verið sé að tvöfalda eldismagn stöðvarinnar og að ásýnd svæðisins muni að einhverju leiti breytast en stofnunin telur að áhrif á landslag og ásýnd séu að miklu leiti komin fram. Matvælastofnun tekur undir það að breyting á ásýnd eftir framkvæmdartímann verði óveruleg umfram það sem þegar er komið.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Grindavíkurbæjar þann 17. ágúst 2020. Umsagnir bárust ekki frá Fiskistofu og Grindavíkurbæ.

Hafrannsóknastofnun veitti umsögn þann 26. ágúst 2020 og telur tilefni til neikvæðra vistfræði- og/eða erfðafræðiáhrifa komi til þess að fiskur sleppi úr stöðinni og/eða að ekki sé rétt staðið að frárennslismálum stöðvarinnar. Að öðru leiti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við erindið.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennslis stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og uppfyllir fiskeldisstöð Matorku þau skilyrði. Frárennslis Matorku verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Matorku ehf. að Húsatóftum við Grindavík. Rekstrarleyfið heimilar 6.000 tonna hámarkslífmassa á laxi, bleikju og regnbogasilungi að eldisstöðinni við Húsatóftir, svæði i5, Grindavík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennslis stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 3.000 tonna rekstrarleyfi Matorku ehf. (FE-1108) vegna seiða- og matfiskeldi á laxi, bleikju, regnbogasilungi og borra úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 19. október 2036.

Selfoss, 19. október 2020